

Kennsluáætlun skólaárið 2020-2021

Íslenska í 4. bekk

Í íslensku eru 6 kennslustundir á viku í 4. bekk. Kennari er Ásta Kristín Guðmundsdóttir Michelsen.

Vinnulag

Í kennslustundum í íslensku er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi. Nemendur þjálfa upp hæfni í máli, lestri, lesskilningi, ritun, hlustun, og framsögn. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Allar kennslustundir hefjast á yndislestri þar sem nemandi les fyrir sjálfan sig í hljóði og svo fyrir starfsmann upphátt.

Nemendur vinna ýmist einir í paravinnu eða í stærri hópum.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Talað mál og hlustun	Ýmis gögn Framhaldssaga	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum • hlustað af athygli og sýnt virðingu, tillitsemi og kurteisi • komið fram við aðra af virðingu og kurteisi • hlustað með athygli á upplestur, frásagnir og fyrirmæli og unnið úr þeim upplýsingum sem þar koma fram • unnið vel og farið eftir fyrirmælum 	Verkefnum Vinnu nemenda í kennslu Umræðum

		<ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig fyrir framan hóp og staðið fyrir máli sínu • endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið • beitt skýrum og áheyrilegum framburði 	
Lestur og bókmenntir	Lesrún 2 Bækur af bókasafni Orð og setningar Ljóðsprotar Ljóðspor Ýmsir textar	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • notið lestrar og haft jákvætt viðhorf til hans • sýnt góðan lesskilning • lesið fyrir mæli og fylgt þeim • lesið sögur, ljóð og fræðandi efni • dregið ályktanir, augljósar og faldar úr texta • leitað sér heimilda í bókum • valið lesefni tengt áhuga og hæfni • lesið skemmti- og fræðitexta lipurt og skýrt fyrir framan hóp • lesið úr myndum og táknum 	
Ritun	Ýmis gögn	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega • beitt einföldum stafsetningarreglum • samið sögu með upphafi, meginmáli og niðurlagi • nýtt sér fyrirmyndir í ritun • skrifað fræðitexta • skrifað í tölvu og beitt einföldum aðgerðum í ritun 	Ýmiskonar ritun nemenda, bæði handskrifuð og skrifuð í tölvu.
Málfræði	Orð og setningar Skinna	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • raðað í stafrófsröð • greint málsgreinar í eigin texta • gert sér grein fyrir hlutverki málfræðiheitaanna nafnorð, sagnorð og lýsingarorð • leikið sér með orð og merkingu þeirra • greint mun á sérnöfnum og samnöfnum • greint mun á andheitum og samheitum • þekkt kyn og tölu nafnorða 	Ýmis verkefna vinna

		• notað greinarmerkin punkt, kommu og spurningarmerki	
--	--	---	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir [Námsmat](#). Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Ásta Kristín Guðmundsdóttir Michelsen.